



Verðbólga upp yfir markmið

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,54% milli mánaða í maí og mælist verðbólga nú 2,6% samanborið við 2,2% í apríl. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,9% milli mánaða og mælist verðbólga einnig 2,6% á þann mælikvarða.

Mælingin kom nokkuð á óvart en opinberar spár lágu á bilinu +0,3% til +0,4%. Við höfðum spáð +0,4%.

Eins og í apríl voru það aðallega gengisáhrif sem komu sterkari inn en við áttum von á. Á móti þá lækkaði reiknuð húsaleiga milli mánaða, en við höfðum gert ráð fyrir smávægilegri hækkun.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- **Matur og drykkjarvara**, hækkaði milli mánaða vegna gengislækkunar. Mest hækkuðu appelsínur og einstaka ávextir (+11,6%), kakó (+6,8%), pasta (+4,4%) og flatbrauð, hrökkbrauð og kex (+4,1%).
- **Verð á nýjum bílum** hækkaði einnig vegna gengislækkunar.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** hækkaði vegna gengislækkunar. Mest hækkun mældist á garðáhöldum og verkfærum (+6,5%).
- **Reiknuð húsaleiga** lækkaði um 0,6% milli mánaða. Skýrist þetta af 0,2% lækkun á vísitölu markaðsverðs húsnæðis en áhrif vaxtabreytinga var 0,4 prósentustig til lækkunar.
- **Áætlunarflug til og frá landinu** liggur niðri og hélt Hagstofan því **Flugfargjöldum til útlanda** óbreyttum milli mánaða.
- **Bensín og díselolía** lækkuðu um 3,4% milli mánaða.


Gerum ráð fyrir að verðbólga fari aftur niður fyrir markmið.

Eins og staðan er í dag reiknum við með 0,4% hækkun verðlags í júní, 0,4% lækkun í júlí og 0,2% hækkun í ágúst. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,3% í ágúst.

	Vægi í VNV	milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	15,1%	1,6%	4,9%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,5%	4,6%
Föt og skór	3,5%	0,6%	1,2%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,1%	0,1%	2,7%
Reiknuð húsaleiga	16,4%	-0,6%	2,2%
Húsgögn og heimilisb.	5,6%	2,9%	6,7%
Heilsa	4,3%	0,4%	2,4%
Ferðir og flutningar - annað	4,5%	0,9%	4,7%
Kaup ökutækja	6,0%	3,6%	6,1%
Bensín og díselolía	3,1%	-3,4%	-14,1%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	0,0%	-14,2%
Póstur og sími	1,5%	-2,2%	-5,6%
Tómst. og menning	10,1%	0,5%	4,3%
Menntun	0,5%	0,0%	2,0%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,5%	1,4%
Aðrar vörur og þjónusta	6,4%	-0,1%	4,0%

Heimild: Hagstofa Íslands


Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




VNV hækkaði um 0,54% milli mánaða og mælist verðbólgan 2,6% samanborið við 2,2% í apríl.




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólga án húsnæðis er einnig 2,6%.




Heimild: Hagstofa Íslands

Við gerum ráð fyrir 2,3% verðbólgu í ágúst.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mest áhrif til hækunar hafði verð á mat og drykkjavörum, húsgögnum og heimilisbúnaði og nýjum bílum.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag innfluttra vara án bensíns til verðbólgu hækkaði úr 0,8 prósentur í 1,3 prósentur.



Heimild: Hagstofa Íslands


Hlutfall undirliða sem hafa hækkað meira en 2,5% seinustu 12 mánuði hækkaði úr 52% í 56%



Mesta niðurbrot sem er birt, alls 174 undirliðr
Heimild: Hagstofa Íslands




Hagstofan hélt flugfargjöldum til útlanda óbreyttum milli mánaða.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Árshækkun vísitölu markaðsverðs húsnæðis er 5,7% og reiknaðrar húsaleigu er 2,2%.




Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafið um einn mánuð.
Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Óveruleg breyting var á fötum og skóm milli mánaða.



Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er kringum 2,0%.



Heimild: Kodiak, Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélag hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.